

Leikur, nám og gleði



Anna Magnea Hreinsdóttir/Kristín Hildur Ólafsdóttir
Leikskólinn Álfaborg, Drafnarsteinn, Gullborg og Ægisborg
Skólaárið 2025-2026



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	5
Mat á verkefninu	5
Greinargerð um notkun styrkfjár.....	6
Kynning	7
Heimildir	7

Inngangur

Markmið þróunarverkefnisins **Leikur, nám og gleði** er að efla leik sem meginnámsleið barna í leikskólum og styrkja leikmenningu sem byggir á lýðræði, virkri þátttöku, vellíðan og félagslegri sjálfbærni. Verkefnið leggur áherslu á að börn hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á leik og daglegt starf leikskólans, óháð stöðu, bakgrunni eða forsendum, og styður þannig jafnrétti, inngildingu og félagslegt réttlæti í leikskólastarfi. Með því tengist verkefnið skýrt jafnréttismarkmiðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar og þeirri sýn að öll börn eigi rétt á að tilheyra og taka virkan þátt í leikskólastarfi. Verkefnið fellur jafnframt vel að lykiláherslum Menntastefnu Reykjavíkurborgar um virkni barna, fagmennsku starfsfólks, sköpun og vellíðan. Með markvissri vinnu með leik, leikmenningu og uppeldisfræðilega skráningu er leitast við að styrkja faglegt samtal, sameiginlega ábyrgð og þróun starfshátta sem styðja sjálfbæran og réttlátan leikskóla.

Aðdragandi verkefnisins er margra ára þróunar- og rannsóknarstarf þar sem leikur, hlutverk kennara í leik barna og uppeldisfræðilegar skráningar hafa verið í brennidepli. Í þeirri vinnu hefur komið fram að þrátt fyrir skýrar stefnu og áherslur í námskrá á leik sem meginnámsleið, er framkvæmdin í daglegu starfi oft óljós og háð einstaklingsbundnum túlkunum starfsfólks. Kennarar upplifa gjarnan óvissu um hlutverk sitt í leik barna og skortir sameiginlegt tungumál og rými til ígrundunar og faglegrar þróunar. Verkefnið **Leikur, nám og gleði** var því sett af stað til að bregðast við þessum áskorunum með því að skapa sameiginlegan vettvang fyrir faglegt samtal, ígrundun og þróun leikmenningar í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að tengja fræðilegan grunn, þróunarstarf og daglega framkvæmd, þannig að leikur verði ekki aðeins verndaður í tali og orðræðu heldur lifandi og sjálfbær hluti af daglegu starfi leikskólans.

Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Verkefninu **Leikur, nám og gleði** var ætlað að bregðast við þeirri áskorun að þrátt fyrir skýrar stefnur og áherslur í námskrá á leik sem meginnámsleið barna, lýðræði og þátttöku, er leikmenning leikskóla ekki sjálfgefin né sjálfbær án markvissrar faglegrar vinnu. Rannsóknir og reynsla úr starfi sýna að áhersla er lögð á leik í tali og orðræðu en síður í daglegri starfi og að starfsfólk upplifir óvissu um hlutverk sitt í leik barna, einkum þá hvernig hægt sé að styðja leik, taka þátt og dýpka hann án þess að stýra honum um of eða skerða sjálfræði barna. Þá hefur komið fram að félagsleg vídd sjálfbærni, svo sem að tilheyra, taka þátt og samkennd, er lítið þekkt meðal starfsfólks leikskóla, þrátt fyrir að hún sé lykilatriði í vellíðan og námi barna. Á grundvelli þessara áskorana var ákveðið að fara í verkefnið til að skapa sameiginlegan vettvang fyrir faglegt samtal, ígrundun og þróun leikmenningar í leikskólum. Markmiðið var að styrkja faglegt öryggi starfsfólks, þróa sameiginlegt tungumál um leik og hlutverk kennara, og nýta uppeldisfræðilegar skráningar markvisst til greiningar og þróunar starfshátta. Verkefnið byggir jafnframt á þeirri sýn að breytingar í leikskólastarfi þurfi að eiga sér stað í sameiginlegu ferli, þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna saman að þróun sem er bæði fræðilega studd og innleidd í daglegt starf.

Skipulag og framkvæmd verkefnisins byggði á samstarfsmiðuðu þróunarverkefni yfir skólaárið 2025–2026. Kjarni verkefnisins var reglulegt samstarf stjórnenda og lykilstarfsfólks úr þátttökuleikskólum, með mánaðarlegum tveggja tíma fundum þar sem fræðsla, kynning á þróun í leikskólunum og sameiginleg ígrundun fóru fram. Í verkefninu tóku þátt leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar og deildarstjórar, sem báru ábyrgð á að tengja umræðuna og þróunarstarfið við daglegt starf í sínum leikskólum. Verkefnið var unnið í áföngum þar sem áherslur þróuðust yfir veturinn, meðal annars með sérstakri áherslu á leiklist, hlutverk og kveikjur í leik barna. Við fengum til liðs við okkur Gunnar Helgason leikara og rithöfund sem hélt tvær vinnustofur með hópnum m.a. um spuna, kveikjur í leik og hlutverk, sjá mynd 1.

Mynd 1. Vinnustofa með Gunnari Helgasyni



Auk stjórnendafunda voru haldnir sameiginlegir starfsmannafundir þar sem öllu starfsfólki var boðið að taka þátt í kynningu, umræðum og ígrundun um verkefnið. Verkaskipting fólst í því að þróunarstarf fór fram í hverjum leikskóla, sem var rætt og ígrundað á sameiginlegum fundum, en einnig á fræðslu og stuðningi rannsakanda. Með þessu var tryggt að verkefnið

næði bæði til stefnumótunar og daglegrar framkvæmdar og að þróunin væri sameiginleg og sjálfbær.

Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Reynslan af verkefninu *Leikur, nám og gleði* sýnir að markviss og samstarfsmiðað þróunarstarf getur haft djúpstæð áhrif á leikmenningu, fagmennsku starfsfólks og daglegt starf leikskóla. Í þátttökuleikskólunum hefur verkefnið skapað rými fyrir faglegt samtal, sameiginlega ígrundun og aukið öryggi starfsfólks í að styðja leik barna. Starfsfólk lýsir aukinni meðvitund um leik sem meginnámsleið og skýrari skilningi á eigin hlutverki í leik barna, einkum hvernig hægt er að taka þátt í leik með næmni og fagmennsku án þess að taka yfir eða stýra honum um of. Verkefnið hefur þannig stuðlað að sameiginlegri leikmenningu fremur en einstaklingsbundnum starfsháttum.

Niðurstöður verkefnisins geta nýst öðrum leikskólum sem fyrirmynd að því hvernig má vinna markvisst með leik, uppeldisfræðilega skráningu og faglega ígrundun. Sérstaklega má nefna skipulag verkefnisins, þar sem sameiginlegir fundir, lærdómssamfélag og skýr tenging milli fræðilegs grunns og daglegrar framkvæmdar skapa forsendur fyrir sjálfbæra þróun. Aðferðir verkefnisins, svo sem notkun sameiginlegs söguramma, aðferða leiklistar og kveikja, eru yfirfærðar á ólíkar aðstæður og geta nýst fjölbreyttum leikskólum, óháð stærð eða skipulagi.

Ávinningur fyrir börn birtist skýrt í aukinni þátttöku kennara, sterkari tengslum við börnin og meiri vellíðan. Börn hafa fengið aukið svigrúm til sjálfspróttins leiks, fleiri tækifæri til að hafa áhrif á gang leiksins og aðild að sameiginlegum söguramma og leikheimum. Sérstaklega kom fram að leikheimar og þátttaka fullorðinna studdu börn sem áður voru varkár, í jaðarstöðu eða með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, og stuðluðu að inngildingu, samkennd og jafnræði í barnahópnum.

Verkefnið tengdist fræðasamfélaginu með virku samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsókn og þróunarstarf voru samtvinnuð, þar sem niðurstöður fyrri rannsókna mótuðu áherslur verkefnisins og þróunarstarfið sjálft varð vettvangur fyrir áframhaldandi fræðilega ígrundun. Verkefnið og niðurstöður þess hafa verið kynntar bæði á alþjóðlegum fræðavettvangi, meðal annars á ráðstefnu EECERA og á innlendum fagvettvangi á Menntakvikunni. Með þessu hefur þekking sem varð til í leikskólunum verið miðlað áfram og tengd við fræðilega umræðu um leik, leikmenningu og félagslega sjálfbærni í menntun.

Mat á verkefninu

Mat á verkefninu *Leikur, nám og gleði* var bæði formlegt og óformlegt og byggði á samspili ígrundunar, samtals og greiningar á gögnum sem urðu til í þróunarferlinu. Verkefnið var unnið sem samstarfsmiðað þróunarverkefni þar sem markmiðið var ekki eingöngu að mæla fyrirfram skilgreindan árangur, heldur að greina þróun í leikmenningu, faglegum starfsháttum og þátttöku barna yfir tíma.

Óformlegt mat fór fram með reglulegri ígrundun og faglegum samtölum á mánaðarlegum fundum stjórnenda og lykilstarfsfólks, sem og á sameiginlegum starfsmannafundum. Þar voru upveldisfræðilegar skráningar, frásagnir kennara og reynsla úr daglegu starfi nýtt til að ræða hvað hefði breyst, hvaða áskoranir væru til staðar og hvaða lærdóm mætti draga af verkefninu. Þessi ígrundunarvinna veitti mikilvægar vísbendingar um upplifun starfsfólks, þróun faglegs öryggis og breytingar á leikmenningu leikskólanna.

Formlegt mat byggði á greiningu á gögnum sem urðu til í verkefninu, svo sem upveldisfræðilegum skráningum á leik barna, samantektum úr umræðuhópum og fundargerðum, auk tengingar við fræðilegan bakgrunn og rannsóknir á leik, leikmenningu og félagslegri sjálfbærni. Í stað hefðbundinna gátlista var lögð áhersla á eigindlega greiningu sem gerði kleift að meta hvort og hvernig markmið verkefnisins endurspegluðust í breyttum starfsháttum og upplifun þátttakenda.

Heildarmat verkefnisins bendir til þess að markmið þess hafi að verulegu leyti náðst. Verkefnið hefur styrkt leik sem meginnámsleið, aukið faglegt öryggi og meðvitund starfsfólks um hlutverk sitt í leik barna og stuðlað að sameiginlegri leikmenningu í þátttökuleikskólum. Jafnframt hefur verkefnið haft sýnileg áhrif á þátttöku barna, inngildingu og vellíðan í barnahópnum. Þó komu fram áskoranir sem tengjast tíma, rými og aðstæðum í starfi, en þær eru hluti af áframhaldandi þróunarferli frekar en merki um að markmið hafi ekki náðst.

Greinargerð um notkun styrkfjár

Styrknum var ráðstafað í samræmi við markmið verkefnisins **Leikur, nám og gleði** og nýttur til að styðja markvisst þróunarstarf, faglega ígrundun og samstarf milli leikskóla og fræðasamfélags. Megináhersla í ráðstöfun styrksins var á vinnuframlag þátttakenda, faglega leiðsögn og að skapa aðstæður fyrir sameiginlegt nám og þróun.

Styrkurinn var nýttur til launagreiðslna fyrir aukavinnu þátttakenda utan hefðbundins vinnutíma, einkum vegna þátttöku í fundum, undirbúnings, ígrundunar og eftirfylgni verkefnisins. Verkefnastjóri bar ábyrgð á skipulagningu, samskiptum, skráningu og eftirfylgni verkefnisins og var hluti styrksins nýttur til að standa undir því vinnuframlagi.

Hluti styrksins fór í aðkeypta sérfræðiráðgjöf og fræðslu, þar á meðal leiðsögn og vinnustofur með Gunnari Helgasyni leikara, þar sem unnið var markvisst með spuna, hlutverkatöku og kveikjur í leik barna. Einnig var styrkurinn nýttur til fræðslu og fyrirlestra sem tengdust leik, leikmenningu og menntastefnu.

Styrknum var jafnframt ráðstafað til að standa undir kostnaði vegna funda og samveru, þar á meðal leigu á fundaraðstöðu, veitingum á fundum og öðrum tilfallandi kostnaði, svo sem prentun og undirbúningi efnis. Þetta var mikilvægt til að tryggja góða aðstöðu fyrir faglegt samtal og lærdómssamfélag þátttakenda.

Að auki var styrkurinn nýttur til þróunar kennsluefnis og frásagna um starfshætti í leikskólum, sem hluti af miðlun og þekkingarsköpun verkefnisins. Þar undir fellur einnig

vinna við umsóknar- og skýrslugerð í samstarfi við Háskóla Íslands, sem tryggði faglegan frágang, tengingu við rannsóknir og áframhaldandi miðlun niðurstaðna.

Loks var styrkurinn nýttur til að styðja við heimsóknir kennara í aðra leikskóla, með það að markmiði að læra af ólíkum starfsháttum og efla faglegt samtal þvert á starfsstaði. Samhliða þessu var lögð áhersla á miðlun niðurstaðna með birtingu á fræðigrein og kynningum á fag- og fræðavettvangi, meðal annars á Menntakviku og ráðstefnu RannUng.

Kynning

Kynning og miðlun hefur verið og verður áfram mikilvægur hluti af þróunarverkefninu **Leikur, nám og gleði**. Áhersla hefur verið lögð á að miðlun fari fram jafnt innan þátttökuleikskólanna sem til annarra leikskóla, stjórnenda, fræðasamfélags og annarra hagsmunaaðila. Innan leikskólanna fór miðlun fram með reglulegum fundum, starfsmannafundum og sameiginlegum kynningum þar sem þróunarvinna, leikstundir og uppeldisfræðilegar skráningar voru kynntar og ræddar. Sérstaklega má nefna sameiginlegan starfsmannafund í janúar 2026 þar sem leikskólarnir kynntu reynslu sína af verkefninu, sýndu dæmi úr leikstundum og áttu samtal um lærdóm og áskoranir. Þessi vettvangur reyndist mikilvægur fyrir sameiginlega ígrundun og miðlun þvert á starfsstaði.

Verkefnið og niðurstöður þess hafa jafnframt verið kynnt á innlendum og alþjóðlegum fag- og fræðavettvangi. Þar má nefna kynningar á Menntakviku og ráðstefnu RannUng, á ráðstefnu EECERA, þar sem verkefnið var sett í samhengi við rannsóknir á leik, leikmenningu og félagslegri sjálfbærni í leikskólastarfi. Með þessum kynningum hefur þekking sem varð til í verkefninu verið tengd við víðara fræðilegt og faglegt samtal.

Með verkefninu hafa orðið til fjölbreyttar afurðir sem hægt er að deila áfram með öðrum. Þar má nefna uppeldisfræðilegar skráningar, myndrænt efni úr leikstundum, verkefnalýsingar og samantektir á vinnuferlum sem lýsa hvernig sameiginlegur sögurammi, leiklist og kveikjur voru nýttar í starfi. Fyrirhugað er að miðla þessum afurðum í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar, meðal annars í formi stuttra lýsinga á starfsháttum, dæma úr framkvæmd og leiðbeininga sem geta nýst öðrum leikskólum.

Auk þess hefur verkefnið skapað grundvöll fyrir frekari fræðilega miðlun, svo sem greinaskrif, kennslufni og kynningar, sem styrkja tengsl milli þróunarstarfs í leikskólum og fræðasamfélagsins. Með þessum hætti er tryggt að reynsla og lærdómur verkefnisins nýtist víðar og styðji við áframhaldandi þróun leikskólastarfs í Reykjavíkurborg og víðar.

Fylgiskjal

Grein hefur verið birt um verkefnið í Tímaritinu Netla árið 2024.

<https://netla.hi.is/sameiginlegir-leikheimar-barna-og-leikskolakennara/>

Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir (2024). Sameiginlegir leikheimar barna og leikskólakennara. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2024/15>
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2021). Upplifun barna af leikskóladvöl: „Stundum er maður lengi í leikskólanum, en ekki alltaf“. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.12>
- Anna Magnea Hreinsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2022). Áhrif undirbúningstíma á fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólastarfs. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.10>
- Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir. (2024). Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Stuðningur deildarstjóra og annars starfsfólks. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2024/1>
- Armstrong, F. og Gaul, D. (2023). Review of the international play policies and their contribution to supporting a child's right to play. *Children and Society*, 37(6), 2179–2195. <https://doi.org/10.1111/chso.12773>
- Baldur Kristjánsson. (2006). The making of Nordic childhoods. Í Jóhanna Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden* (bls. 13–42). Information Age.
- Baumer, S., Ferholt, B. og Lecusay, R. (2005). Promoting narrative competence through adult-child joint pretense: Lessons from the Scandinavian educational practice of playworld. *Cognitive Development*, 20(4), 576–590. <https://doi.org/10.1016/j.cogdev.2005.08.003>
- Bodrova, E. (2008). Make-believe play versus academic skills: A Vygotskian approach to today's dilemma of early childhood education. *European Early Childhood Education Research Journal*, 16(3), 357–369. <https://doi.org/10.1080/13502930802291777>
- Bork, G. B. og Lund, L. (2023). *The pedagogue's participation in play is vital for children in vulnerable positions*. UCL Erhvervsakademi og Professionshøjskole.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Brooker, L., Blaise, M. og Edwards, S. (2014). *The SAGE handbook of play and learning in early childhood*. Sage.
- Boström, S. (2022). *Didaktik in preschool: Critical-democratic and play-oriented*. *Educare*, (2), 21–57. <https://doi.org/10.24834/educare.2022.5.2>
- Boström, S., Jóhanna Einarsdóttir og Pramling Samuelsson, I. (2018). The Nordic perspective on early childhood education and care. Í B. V. Oers og M. Fleer (ritstjórar), *International handbook of early childhood education* (bls. 867–888). Springer.
- Bruner, J. (1986). *Actual minds, possible worlds*. Harvard University Press.
- Corsaro, W. A. (2012). Interpretive reproduction in children's play. *American Journal of Play*, 4(4), 488–504. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ985602.pdf>
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (3. útgáfa). Sage.
- Creswell, J. og Poth, C. (2017). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (4. útgáfa). Sage.

- Elkonin, D. B. (2005). Chapter 2: On the historical origin of role play. *Journal of Russian & East European Psychology*, 43(1), 49–89.
<https://doi.org/10.1080/10610405.2005.11059243>
- Ellis, C. og Bochner, A. (2000). Autoethnography, personal narrative, reflexivity: Researcher as subject. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of qualitative research* (2. útgáfa, bls. 733–768). Sage.
- Ferholt, B., Lecusay, R., Rainio, A. P., Baumer, S., Miyazaki, K., Nilsson, M. og Cohen, L. (2021). Playworlds as ways of being, a chorus of voices: Why are playworlds worth creating? *Cultural Historical Psychology*, 17(3), 95–103.
<https://doi.org/10.17759/chp.2021170313>
- Fleer, M. (2018). Conceptual playworlds: The role of imagination in play and learning. *Early Years*, 41(4), 353–364. <https://doi.org/10.1080/09575146.2018.1549024>
- Gaskins, S. (2014). Children's play as cultural activity. Í L. Brooker, M. Vlais og S. Edwards (ritstjórar), *The SAGE handbook of play and learning in early childhood* (bls. 31–42). Sage.
- Hakkarainen, P. (2004). Narrative learning in the fifth dimension. *Outlines: Critical Social Studies*, 6(1), 5–20. <https://doi.org/10.7146/ocps.v6i1.2147>
- Hakkarainen, P., Bredikyte, M., Jakkula, K. og Munter, H. (2013). Adult play guidance and children's play development in a narrative play-world. *European Early Childhood Education Research Journal*, 21(2), 213–225.
<https://doi.org/10.1080/1350293X.2013.789189>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Starfendarannsókn til starfsþróunar leikskólakennara: Ávinningur og áskoranir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 31(2), 65–86.
<https://doi.org/10.24270/tuuom.2022.31.9>
- James, A. og Prout, A. (2015). *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (3. útgáfa). Routledge.
- Katsuura, M., Ueda, H. og Fujii, M. (2021). Exploring the narrative of an early childhood education and care teacher from the perspective of polyphonic time. *Japanese Psychological Research*, 65(3), 252–261. <https://doi.org/10.1111/jpr.12388>
- Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2022). Gildi leiks í námi leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 189–213). Háskólaútgáfan.
- Krueger, R. og Casey, M. (2009). *Focus groups: A practical guide for applied research*. Sage.
- Lecusay, R., Mrak, L. og Nilsson, M. (2022). What is community in early childhood education and care for sustainability? Exploring communities of learners in Swedish preschool provision. *International Journal of Early Childhood*, 54, 51–74.
<https://doi.org/10.1007/s13158-021-00311-w>
- Lecusay, R. og Nilsson, M. (2024). Cultures of play in early childhood education and care: Pedagogues' relations to play in Swedish preschool. Í R. M. Holmes og J. L. Roopnarine (ritstjórar), *Culture, schooling, and children's learning experiences* (bls. 135–154). Oxford University Press.
- Lillemyr, O. F. (2009). *Taking play seriously: Children and play in early childhood education: An exciting challenge*. Teachers College Press.
- Lindqvist, G. (1998). *Lekens möjligheter: Om skapande lekpedagogik i förskola och skola*. Studentlitteratur.
- Lundy, L., Kilkelly, U., Byrne, B. og Kang, J. (2012). *The UN convention on the rights of the child: A study of legal implementation in 12 countries*. UNICEF.
<https://www.unicef.org.uk/publications/child-rights-convention-2012-report/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

MacNaughton, G. og Hughes, P. (2009). *Doing action research in early childhood studies: A step-by-step guide*. Open University Press.

Menntamálastofnun. (2024). *Handbók um leik barna í leikskólum*.
https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/

Miðstöð menntunar og skólapijónustu. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla*.
<https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Mohr, M. M. (2001). Drafting ethical guidelines for teacher research in schools. Í J. Zeni (ritstjóri), *Ethical issues in practitioner research* (bls. 3–12). Teachers College Press.

Morse, J. M. (2015). Critical analysis of strategies for determining rigor in qualitative inquiry. *Qualitative Health Research*, 25(9), 1212–1222.
<https://doi.org/10.1177/1049732315588501>

Nilsson, M. og Ferholt, B. (2014). Vygotsky's theories of play, imagination and creativity in current practice: Gunilla Lindqvist's 'creative pedagogy of play' in US kindergartens and Swedish Reggio-Emilia inspired preschools. *Perspectiva*, 32(3), 919–950.
<https://doi.org/10.5007/2175-795X.2014v32n3p919>

Nilsson, M., Ferholt, B. og Lecusay, R. (2018). The playing-exploring child: Re-conceptualizing the relationship between play and learning in early childhood education. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 18(3), 231–245.
<https://doi.org/10.1177/1463949117710800>

Nilsson, M. og Lecusay, R. (2024). I den här förskolan leker personalen med barnen! Lek-som-lärande i förskolan: Ett bildningsperspektiv. *Natur & Kultur*.

Nomura, N. (2010). *Narrative, time, and communication*. Tomishobo.

OECD. (2001). *Starting strong: Early childhood education and care*.
<https://doi.org/10.1787/9789264192829-en>

OECD. (2006). *Starting strong II: Early childhood education and care*.
<https://doi.org/10.1787/9789264035461-en18>

Powell, S. (2009). The value of play: Constructions of play in government policy in England. *Children and Society*, 23(1), 29–42. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2008.00137.x>

Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching, and learning*. Routledge.

Rogoff, B., Dahl, A. og Callanan, M. (2018). The importance of understanding children's lived experience. *Developmental Review*, 50, 5–15.
<https://doi.org/10.1016/j.dr.2018.05.006>

Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson. (2013). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 497–509). Háskólinn á Akureyri.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins/1992.
<https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>

Sara M. Ólafsdóttir, Danby, S., Jóhanna Einarsdóttir og Theobald, M. (2017). „You need to own cats to be a part of the play“: Icelandic preschool children challenge adult-initiated rules in play. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(6), 824–837.
<https://doi.org/10.1080/1350293X.2017.1380880>

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérít Netlu 2017: Innsýn í leikskólastarf*.
http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf

- Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 191–204). Háskólinn á Akureyri.
- Sóley Sesselja Bender. (2021). Rýnihóparannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 277–295). Háskólinn á Akureyri.
- Sundsdal, E. og Øksnes, M. (2015). Til forsvar for barns spontane lek. *Nordisk Tidsskrift for Pædagogikk og Kritik*, 1, 1–11. <https://doi.org/10.17585/ntpk.v1.89>
- Valborg Sigurðardóttir. (1991). *Leikur og leikuppeldi*. Menntamálaráðuneytið.
- Voce, A. (2015). *Policy for play: Responding to children's forgotten right*. Policy Press.
- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Harvard University Press.
- Vygotsky, L. S. (1987). Imagination and its development in childhood. Í R. W. Rieber og A. Carton (ritstjórar), *The collected works of L. S. Vygotsky*. Plenum Press.
- Vygotsky, L. S. (2004). Imagination and creativity in childhood. *Journal of Russian and East European Psychology*, 42(1), 7–97. <https://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/1927/imagination.pdf>
- Wagner, J. T. og Jóhanna Einarsdóttir. (2008). The good childhood: Nordic ideals and educational practice. *International Journal of Educational Research*, 47(5), 265–269. <https://doi.org/10.1016/j.ijer.2008.12.005>
- Whitebread, D. (2012). *The importance of play*. Toy Industries of Europe.
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). Sage.
- Wood, E. (2018). Listening to young children: Multiple voices, meanings, and understandings. Í G. Goodliff, N. Canning, J. Parry og L. Miller (ritstjórar), *Young children's play and creativity* (bls. 150–162). Routledge.
- Zeni, J. (2009). Ethics and the 'personal' in action research. Í S. E. Noffke og B. Someke (ritstjórar), *The SAGE handbook of educational action research* (bls. 254–266). Sage.
- Öhman, M. (2019). *Värna barns lekstyrka*. Gothia Kompetens.
- Øksnes, M. og Sundsdal, E. (2016). Lek – Det som gör livet värt att leva! Í T. Hangaard Rasmussen (ritstjóri), *Lek på rätt väg? På spaning efter leken* (bls. 45–65). Studentlitteratur.